

Hæfniviðmið í samfélagsgreinum á þrep 2

Að nemandi geti:

Reynsluheimur

Gert sér grein fyrir orsökum og afleiðingum af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta.
Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu landsins.
Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi sögu landsins.
Gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa.
Áttað sig á umhverfi, sögu, menningu og félagsstarfi í sinni heimabyggð.
Aflað sér upplýsinga á sem fjölbreyttastan hátt og metið þær upplýsingar frá ólíkum sjónarhornum.
Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.
Gert sér grein fyrir að hann getur lagt sitt af mörkum til að vernda og nýta auðlindir og umhverfi.
Notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga.
Rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur sem vísað er til í þjóðfélagssumræðu.
Metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð.
Rætt um þætti sem mótað hafa söguna. Til dæmis umhverfi, samfélagsskipulag og þjóðfélagsshreyfinar.
Lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags.
Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.
Dregið upp mynd af afmörkuðum atburðum í Íslandssögunni.
Greint hvernig munir, hefðir, textar og minningar varpa ljósi á söguna.
Lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks.
Rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs.
Gert sér grein fyrir völdum frásögum, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims.
Borið saman trúarbrögð og lífsviðhorf valinna hópa.
Nefnt dæmi um áhrif helgiritanna hinna ýmsu trúarbragða á menningu og samfélög.
Gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra.
Lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta.
Sagt frá hlutverki helstu stofnana samfélagsins.
Gert grein fyrir hugmyndum um sam hjál og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu.
Lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga.

Sýnt fram á skilning á kostnaði á eigin neyslu.
Áttað sig á áhrifum auglýsinga og tilboða á eigin neyslu og á samfélagið.
Skilið gildi slysavarna og viðbragða við slysum í umhverfi sínu.

Hugarheimur

Lýst sjálfum sér og nefnt dæmi um hvaða þættir í umhverfinu hafa áhrif á sjálfsmyndina.
Þekki gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dyggða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund.
Áttað sig á ólíkum kynhlutverkum og hvernig þau mótast og breytast.
Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.
Vegið og metið áhrif fyrirmynda og staðalmynda.
Lýst margvíslegum tilfinningum og áhrifum þeirra á hugsun og hegðun.
Tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti.
Metið áhrif áreita í umhverfinu á líf sitt.
Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess.
Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.
Sett sér markmið og gert áætlanir um fjölbreytt viðfangsefni.

Félagsheimur

Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta.
Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausán hátt.
Rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðislegum toga.
Geta tekið þátt í samræðum um réttindi sín og skyldur sem þátttakandi í samfélaginu.
Sýnt ábyrgð í samskiptum og áttað sig á réttindum sínum og skyldum samkvæmt alþjóðasáttmálum.
Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
Nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu.
Rætt hvaða áhrif staðalmyndir hafa á ýmsa minnihlutahópa.

Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.
Rætt reglur í samskiptum fólks.
Tekið þátt í að setja sameiginlegar reglur um samskipti.
Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.
Sýnt samferðarfólki sínu tillitsemi og umhyggju.